

## LÖG

### um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði laga þessara gilda ekki um þær ábyrgðarskuldbindingar sem ríkissjóði er heimilt að undirgangast gagnvart Icelandair Group hf., sem er kerfislega mikilvægt fyrirtæki, vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Afla skal heimilda í fjárukalögum fyrir árið 2020 vegna þessara ábyrgðarskuldbindinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. september 2020.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*